

## MINNISBLAÐ

**Til:** Forseta Alþingis  
**Frá:** Rannsóknarnefnd Alþingis  
**Efni:** Uppgjör og þörf á aukafjárveitingu 2010.

**Dags.:** 29. júní 2010.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur í tilefni af starfslokum tekið saman yfirlit um kostnað vegna starfs nefndarinnar og fjárveitingar auk þess sem að neðan er gerð sérstaklega grein fyrir stöðu fjármála nefndarinnar nú.

Fjárveitingar til starfs nefndarinnar á fjárlögum og fjáraukalögum hafa verið eftirfarandi:

Fjárheimild 2008	30.000.000
Fjárheimild 2009(fjárlög+fjárauki)	210.000.000
Fjárheimild 2010	<u>100.000.000</u>
Samtals	340.000.000

Ónotaðar fjárheimildir hafa verið fluttar milli ára að fullu til að mæta rekstrarkostnaði sem verið hefur:

2008	0
2009	215.547.782
2010 – Almennur rekstur	<u>127.558.817</u>
Samtals nemur þessi kostnaður alls kr.	343.106.599 sem sundurliðast þannig:

- Kostnaður við rannsóknarnefndina kr.	81.576.486
- Kostnaður við siðfræðihóp	18.353.861
- Annar starfsmannakostnaður	122.489.339
- Aðkeypt þjónusta, s.s. innlendra sérfr.	73.377.366
- Erlendir sérfræðingar	17.910.856
- Rekstrarkostnaður	29.398.691

Á árinu 2010 bætist síðan við eftirfarandi kostnaður (þ.e. viðbót við kr. 127.558.817):

Prentun skýrslu	96.139.906
- Tekjur af sölu á skýrslu (+áætl.)	-20.000.000
Þýðingar + kynning skýrslu	6.551.969
Frágangur Þjóðskjalasafns á skjölum og gagnagrunnum	26.795.000
Tölvubúnaður afhentur Þjóðskjalas.	<u>850.000</u>
eða samtals - sölutekjur af skýrslu kr.	110.336.875

Til skýringa á þessum síðast nefndu liðum tekur rannsóknarnefnd Alþingis fram að það þar er um að ræða liði sem nefndin hefur sjálf ekki haft forræði á. Rannsóknarnefndin hafði áformað að prenta 700 eintök af skýrslu nefndarinnar en hún yrði að öðru leyti aðgengileg á vefnum. Yfirstjórn Alþingis ákvað að samtals yrðu prentuð 7.000 eintök af skýrslunni í þremur prentunum, hún yrði til sölu í bókaverslunum og ákvað jafnframt söluverð skýrslunnar. Kostnaðarverð á hverju prentuðu eintaki af

skýrslunni var kr. 10.900 að viðbættum virðisaukaskatti. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis er áætlað að tækjur af sölu skýrslunnar verði alls kr. 20 millj. Fyrirkomulag kynningar á skýrslu nefndarinnar og umfang þýðinga á efni hennar af hálfu þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins var jafnframt ákveðið með aðkomu yfirstjórnar Alþingis.

Samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsóknarnefndina ber að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu skjöl og gögn nefndarinnar auk þess sem sérstaklega var ákveðið með lögum nr. 146/2009 að nefndin afhenti Þjóðskjalasafni þá gagnagrunna sem orðið hefðu til í starfi nefndarinnar. Af hálfu Þjóðskjalasafns hefur komið fram, sbr. meðfylgjandi minnisblað, dags. 4. júní 2010, að við afhendingu ofangreindra gagna til safnsins þurfi að ganga frá gögnunum í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafnið er reiðubúið til að taka að sér þennan frágang á gögnum og gagngrunnum rannsóknarnefndarinnar og telur að heildarkostnaður við það verkefni verði kr. 26.795.000. Af hálfu Þjóðskjalasafnsins er tekið fram að þær kröfur sem það gerir um afhendingu gagnanna séu í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið á grundvelli laga um safnið og en fram kemur í minnisblaði safnsins að um sé að ræða frumraun Þjóðskjalasafnsins við móttöku raunverulegs gagnasafns rafrænna gagna. Rannsóknarnefndin telur að það verði að vera verkefni Alþingis að taka afstöðu til fjárveitingar til að mæta þessum kostnaði.

Samkvæmt framangreindu þyrfti aukafjárveiting á fjárlagalið rannsóknarnefndarinnar á árinu 2010 að nema samtals kr. 113.4 millj. Tekið skal fram að samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins voru greiðsluheimildir á fjárlagalið nefndarinnar á þessu ári auknar í máí sl. um 100 millj. kr. til að unnt væri að greiða reikninga vegna prentunar á skýrslu nefndarinnar o.fl.